



# Skólaráðsfundur

**Dagsetning:** 28. október 2019

*Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Hulda Sólveig fulltrúi kennara, Wendy fulltrúi kennara, Agnes fulltrúi annars starfsfólks, Inga Sigríður fulltrúi nemenda, Luciana fulltrúi nemenda, Guðvarður og Arnar fulltrúar foreldra. Magnús fulltrúi grendarsamfélagsins var fjarverandi.*

**1. Starfsáætlun Hvaleyrarskóla 2019-2020**

Er tilbúin, aðeins verið að fínþússa.

**2. Skólanámskrá Hvaleyrarskóla 2019-2020**

Verið er að fínþússa skólanámskrána, annars er hún tilbúin.

**3. Ytra mat Menntamálastofnunar**

Matsmenn verða í skólanum síðustu vikuna í nóvember. Fulltrúar skólaráðs verða sennilega kölluð á rýnihópsviðtal þriðjudaginn 26. nóvember. Rýnihópsviðtöl verða einnig við kennara, nemenda, foreldra og annars starfsfólks.

**4. Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun er ekki komin en ekki er búist við aukningu á fjármagni. Þróningarsjóður færir yfir í þróun og þjónusta. Frístundabíllinn, spurning hvort það eigi að rukka þá nemendur sem ekki eru í frístundaheimilum. Lækkun er á búnaði. Verið er að spá í að skoða hvar mest er þörfin og útdeila fjármagni eftir því. Umsjónarmenn fasteigna eiga ekki að salta skólalóðina en verið er að athuga það mál.

Önnur mál:

- Fréttir frá nemendaráði: Sleepover er á föstudaginn 1. nóvember og Rave 220 á miðvikudaginn 6. nóvember. Skóli hefst kl. 8:20 á fimmtudaginn 7. nóvember.
- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa eru komnar. Ekki er komin samantekt á niðurstöðum frá Menntamálastofnun.
- Nemendur kvarta undan stuttum ferðatíma í og úr sundi og íþróttum, þar sem er nú er búíð að loka undirgöngunum sem nemendur notuðu til að fara í íþróttir og sund. Búíð er að ræða um það við kennara að taka tillit til lengri ferðatíma nemenda og því ættu nemendur ekki að vera að fá seinkomur að þessum sökum. Áætlað er að göngubrúin sem verið er að gera yfir Reykjanesbrautina verði tilbúin í byrjun næsta árs.
- Rætt var um hjálmanotkun nemenda og rætt hvort ekki ætti að senda póst á foreldra þar sem nemendur eru ekki að nota hjálma á hjólum eða vespum. Athuga þarf hvort það sé rétt að ef lögreglan tekur börn án hjálma að það sé tilkynnt til barnaverndar.

Næsti fundur: verður í lok nóvember 2019

Fundi slitið kl. 15:36

Samantekt skráði: Sigrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri.